

Kappreiðar Fáks á hvítasunnu

Búið við harðri keppni í öllum greinum

Hestamannafélagið Fákur efnir til árlegra kappreiða sinna á skeiðvelliðum við Elliðaár annan hvítasunnudag, og hefur þátt taka í keppninni aldrei verið meiri en nú. Alls taka 54 hestar þátt í stökk- og skeiðkeppni, en auk þess koma fram um 12 af mestu gæðingum Reykvíkinga í góðhestakeppni.

Keppt verður í fjórum greinum, 350 og 800 metra stökki, 250 metra skeiði og folahlaupi, og má búast við óvenju harðri keppni að sögn forráðamanna Fáks. Verðlaun eru góð, frá 2.000.- til 8.000.- krónur, auk verðlaunabikara. Veðbanki starfar á mótinu að vanda, og má búast við mikilli þátttöku mótsgesta í veðmálunum, ef dæmskal eftir reynslu undanfarinna ára.


Á Hvítasunnunóttinu verða til sölu happdrættismíðar Fáks, og er þar aðalvinningur 5 vetra brúnn gæðingur frá Indriðastöðum í Skorradal, undan Roða, sem fékk fyrstu stóðhestaverðlaun á landsmóti hestamannafélaga að Hólum árið 1966. Er þetta viljugur og gangmikill reiðhestur.

Meðal þátttakendanna í kappreiðunum eru margir gamlir

ir kunningjar, sem reynzt hafa sigursælir á fyrri mótum. Þar þar fyrst að nefna Þyt Sveins K. Sveinssonar, sem hefur unnið 800 metra stökkið að undanförnu, hvar sem hann hefur tekid þátt í keppni. Nú segja talsmenn Fáks, þeirra á meðal eigandi Þyts, að keppni verði tvisýn og benda á að í lokaæfingu á þriðjudagskvöld hafi Þytur orðið þriðji.

Í skeiðkeppninni er Hróllur Sigurðar Ólafssonar þekktastur. Hann tók fyrst þátt í skeiðkeppninni 1962, og sigraði þá, eins og yfirleitt síðan. Hann er nú 15 vetra og í góðri þjálfun. Samt má hann eiga von á harðri keppni frá Móra Ingólfs Guðmundssonar frá Meðalfelli í Kjós, Goða Magnúsar Jónssonar, sem varð annar í fyrra, og fleiri vökrum gæðingum.

Meðal þátttakenda í 350 metra stökki eru Geysir Magnúsar Guðmundssonar og Ólvaldur Sigurðar Tómassonar frá Sólheimatungu, en þeir hlutu fyrstu og önnur verðlaun í Hvítasunnu keppninni í fyrra. Fleiri frá stökkhestar koma þarna fram, þeirra á meðal Svalur Halldórs frá Kirkjubæ og tveir hestar Þorkels frá Laugavatni, svo bú



Kolbrún Kristjánsdóttir á happdrættishesti Fáks.

ast má við skemmtilegri keppni.

Í folahlaupi er fátt um þekkta hesta, og erfitt að spá um úrslit, enda eru þessir hestar 6 vetra og yngri. Þó má nefna Snarfaxa frá Hornafirði, eigandi Inga Valborg Einarssdóttir, Gust úr Árnessýslu, knapi Kolbrún Kristjánsdóttir, og Lýsing Ólafs Markússonar.

Þátttakan skiptist þannig að 10 hestar keppa í skeiði, 15 í folahlaupi, 20 í 350 metra stökki, og 9 í 800 metrum. Fyrstu verðlaun eru í skeiði og 350 metrum kr. 4.000.-, í folahlaupi kr. 2.000.- og í 800 metrum kr. 8.000.-. Sigurvegarinn í 800 metrum hlýtur auk þess „Björns bikarinn“, sem kenndur er við

Björn heitinn Gunnlaugsson, landskunnur hestamaður og fyrrum stjórnandi Fáks, en sigurvegari í góðhestakeppni hlýtur Viceroy-bikarinn, sem umboðsmaður Viceroy gefur.

Ofangreindar upplýsingar gaf Bergur Magnússon, framkvæmdastjóri Fáks, á fundi, sem stjórn hestamannafélagsins átti á miðvikudag með fréttamönnum Vakti stjórnin þar athygli fréttamanna á sívaxandi félagsstarfi Fáks, mikilli fjölgun félagsmanna, og sérstaklega auknum áhuga unglinga á hestamennsku. Félagið rekur reiðskóla árlega á útmánuðum, og komast færri að en vilja. Flestir nemendur eru unglingar og eru um 75 við nám í einu. Kennari er Kolbrún Kristjánsdóttir.

Sveinbjörn Dagfinnsson, formaður Fáks, gaf þær upplýsingar til dæmis um fjölgun hesta í Reykjavík, að árið 1962 hefðu fódurdagar í hesthúsum Fáks reiknað 40 þúsund, en á árinu 1967 80 þúsund.

Fjölmenningar hópferðir.

Félagslífið er mjög fjölbreytt, og hefur Fákur efnt til fundahalda og fyrirlestra, haldið margar kvöldvörur með myndasýningum og skemmtiatriðum, en myndasýningar frá ferðalögum á hestum eru jafnan mjög vinsælar, og aðsókn mikil. Um langt árabíl hefur félagið staðið fyrir hópferðum á sumrum, bæði stuttum ferðum um nágrenni höfudborgarinnar eins og Heiðmerkurfærð í fyrra með 200 þátttakendum, og lengri hópferðum eins og vel heppnaðri ferð í Þórs-mörk í fyrra. Einnig hafa verið farnar hópferðir á héraðsmót og fjórðungsmót hestamannafélaga, Framhald á bls. 23.

VETTIVANGUR

Skarphéðinn Jóhannsson, arkitekt, skrifar Vettvanginn í dag, og fjallar um: Almenningsnáðhús — nýja stórvirkjun — vind- og vatnsheld hús — listiðnað — bókband og bækur o. fl.

Það var auðvitað rétt, sem Valdimar Kristinnson sagði um daginn, að í tilefni þjóðhátíðarinnar 1974 þarf að vera búið að reisa nokkur nauðsynleg hús, eins og nýtt Stjórnarráðshús, Alþingishús, Bókhöfðu fyrir þjóðargærsemar okkar og margt annað af stærri mannvirkjum. Þetta er svo sjálfsagt.

En það væri skemmtilegt að vera búið að framkvæma nokkur minni atriði, einnig fyrir áðurnefnd tímamót, sem sum kosta ekkert, en önnur sáralítið.

V

Með öllum þeim þægindum, sem slíkar stofnanir hafa upp á að bjóða. Ég þekki að vísu ekki náð nema karladeildirnar, en þær eru hinar fullkomnustu víða þar sem ég hefi komið í erlendar borgir, nota beni, sé loftræstingin í lagi, en það er af skiljanlegum ástæðum nokkurs virði. Að við skulum hafa komið af, Reykvíkingar, fram að þessu, má eflaust rekja til þess, hversu menn ferðast mikið bilandi, og erum því fljótt milli áfangastaða.

Samkvæmt nýjustu rannsóknunum iæknávisindanna, skulu menn aka minna og ganga þeim mun meira. Þessvegna þarf að fjölga umræddum stofnunum í framtíðinni. Þar að auki verður okkur víst ekki lengur forðað frá bjórnum fyrst Pétur Sigurðsson er kominn í land og hættur að sigla. Sjá menn því hvert stefnir í þessum málum.

Sem sagt, 2–3 náðhús fyrir 1974, teiknuð af arkitektum með full réttindi.

V

Þegar framkvæmdirnar við Búrfell og Straumsvík eru komn

ar þetta vel á veg, verðum við að fara að huga að þeim næstu. Ég legg til, að við byrjum á því að virkja Ásbjörn Ólafsson. Þetta kostar ekkert því Ásbjörn gefur allt.

Oft hefi ég verið að hugsa um það, af því það opinbera noti ekki mann eins og Ásbjörn, það virðist allt verða að peningum sem hann kemur nærri. T.d. fá hann til þess að leysa vandamál útgerðarinnar. Það tæki hann dagstund. Ásbjörn hreinlega segði: Látið aðeins fagmenn reka útgerð á Íslandi, menn eins og Ingvar og Tryggva.

Ásbjörn virðist vera eini stórkaupmaðurinn á Íslandi, sem er aflögufær. Árlega útbýtur hann hundruðum þúsunda, stundum eru það milljónir króna til almenningsheilla.

Áður fyrr var Ásbjörn orðaður fyrir að vera einn mesti kavalari rústikana, núna safnar hann og gefur á báða bóga. — Hvernig er með alla hina heildsalana? Það sem Ásbjörn græðir á okkur, gefur hann okkur til baka. Þetta er það, sem samvinnufélögin predika, en Ásbjörn framkvæmir.

Nú hljóta allir hinir heildsalarnir að geta eitthvað, ef þeir legðu saman, og nú kemur til laga mín: Fyrir 1974 legg ég til, að allir heildsalar landsins stofni sjóð og gefi þjóðinni, — ekki 10 millj. heldur 100 milljóna sjóð. Þetta fé fái svo Háskóli Íslands til afnota (þó ekki til þess að byggja annað Háskólabíó).

Ég hefi ekki alveg afgreitt Ásbjörn ennþá. Magnús fjármálaráðherra ætti að ráða Ásbjörn nokkra tíma á dag, milli kl. 7–9 f.h. — áður en hinir koma, þar sem þeir í félagi yfir tebolla, því sterkara veitir Magnús ekki, gætu rætt, hvernig draga mætti úr útgjöldum ríkisins, en þó auka frakvæmdirnar í landinu. Ef nú Magnús vildi heldur nota lögfræðing í svona rabbfundi,

sem væri sorgleg útreið á góðri tillögu, mætti nota Ólaf Þorgímsson, en það yrði ekki grátis.

Að nota ekki meira idealista eins og Ásbjörn Ólafsson, er fyrir neðan allar hellur.

Nú skulu menn ekki halda, að ég þekki Á. Ól. því fer fjarri, hef aðeins séð hann á götu, — en einnig þar er hann stórkostlegur.

V

Þá kem ég að því, sem menn hafa verið að biða eftir síðustu aldirnar, — að okkur takist að byggja hús, sem halda vindi og vatni. Þetta er að vísu viðkvæmt mál fyrir mig, en engu að síður nauðsynlegt, að okkur takist það fyrir 1974. Ég sé ekki að Ásbjörn reddi því máli, þó svo hann hefði umboð fyrir einhverju undraefni.

Þetta er ekki á færi neins arki tekts eða verkfræðings, þarna þarf Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins að koma okkur til hjálpar, þennan höfuðverk verður að leysa á visindalegan hátt, með aðstoð allra þeirra sem að byggingarmálum vinna, og á þeirra kostnað. Eins og nú er þukrast hver í sínu horni, reyna nýjar aðferðir og ný efni, en ekkert kemur að gagni. Húsin leka. Og ástæðan er vankunnátta okkar, þrátt fyrir rúmlega þúsund ára búsetu í landinu.

Menn mega ekki halda, að þetta sé fyrirbær, sem hvergi þekkt nema á Íslandi, fjarri fer því að svo sé.

En húsin sjálf batna að öðru leyti, a.m.k. þau, sem arkitektar teikna, en það eru aðeins 10% allra bygginga á Íslandi, — en það sorglega er, að þau leka jafnt, sem hinna minni spámanna.

V

Listiðnaður er ekki til á Íslandi. Við erum haus og hola á eftir hinum Norðurlandabjóðunum í þessum efnum. Örfáir Íslendingar virðast vera þeim eiginleikum gæddir, að geta gert eitthvað í þessum efnum, sem vit er í, og þá kvenfólkið helst. Dæmi: Gerður Helgadóttir í smíði smárra málmhluta, Ásgerður Búadóttir í vefnaði, og svo konurnar, sem þróna hyrurnar (ekki má gleyma Júlíönu Sveinsd. og hennar snilldarvefnaði).

Um húsgögnin, sem mest eru áberandi alls listiðnaðar, er ekkert hægt að segja nema slæmt. Mest er framleitt af rusli. Þar skeður ekkert, þrátt fyrir að við eignum nokkra hæfileikamenn, sem kunna að teikna húsgögn. Þeir eyða tímanum í að teikna plasteldhús.

Tillaga mín í þessu máli er því sú, að skipuð verði nefnd, ríki og bæ að kostnaðarlausu, — þar sem kunnáttumenn, bæði framleiðenda og teiknara, leiða saman hesta sína, og kippi þessu máli í liðinn. Þá þarf jafnframt að endurvekja Listiðnaðarfélagið, gefa því allar þær vítamín-sprautur, sem tiltækar eru. Það er ekki hægt að horfa upp á þetta lengur. Við verðum að viðurkenna, að við erum skussar í þessum efnum, því næst að takast á við vandamálin. Byrja í dag, þá væri eflaust einhver von til þess að við gætum kinnroðalaust haldið hér listiðnaðarsýningu 1974.

V

Það situr í mér ennþá, þó mörg ár séu liðin síðan, þegar faðir minn sendi mér bækur Þórbergs, með frásögnum séra

Árna Þórarinssonar jöfnum höndum, sem þær komu út. Fátt þótti mér skemmtilegra að fá til lesturs, nema vera skyldi bók eftir Halldór Laxness. En guð hjálpi mér, — þvílíkur frágangur á bókum! Líklega hefur aldrei verið gefin út á Íslandi jafngöð lesning í jafn lélegri útgáfu. Reyndar voru bækurnar, sem ég fékk heftar, en pappírinn var eins og lélegur blaðapappír. Mér skilst að svokallað sæmlegt bókband hjá okkur, kosti meira en prentun, pappír og höfundarlausn til samans. Verið getur að ég sé að vaða reyk hvað þetta snertir, en hvað sem því liður þarf bókband að batna stórlega, því það hafa ekki allir efni á því að láta binda inn bækur sínar sérstaklega.

Mér skilst, að mikið eigi að gefa út og semja af merktum ritum fyrir þjóðhátíðina 1974, því væri gaman að bandið á þeim bókum lifði okkur sjálf og næstu afkomendur, þó þeim væri flýtt svolítið.

Í lokin langar mig til þess að biðja borgarstjórnina okkar um eina fróma ósk. Einnig það mál þarf sinn aðlögunartíma:

Burtu með allar sjoppurnar, sem jafnframt hafa svokallað biðskýli. Upphaflega voru þessi skýli ætluð fólki, sem beið eftir strætisvögnum. Nú hafa eigendur þeirra breytt þeim í samkomustaði unglinga, sem stunda þar pylsuat og drekka gossull. Þau eru söðaleg innanveggja og alveg óþörf eins og þau nú eru rekin.

Öll eru þetta útgjaldalaus mál, nema náðhúsin, sem Reykjavíkurborg verður að kosta að öllu leyti, því þau heyra ekki undir skólamál, félagsheimili né íþróttahús. Eins og ykkur er eflaust farið að gruna, þá er þetta gjört um borð í Gullfossi, í svitu þeirra Halldórs Laxness og Ásbjarnar Ólafssonar.